

**127. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, föstudaginn 9.
desember 2022 og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Þorbjörn Halldór Jóhannesson varaformaður, Valur Richter aðalmaður, Dagný Finnbjörnsdóttir aðalmaður og Bernharður Guðmundsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Smári Karlsson, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Smári Karlsson, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs og gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs 2023 - 2022110123

Lögð fram til samþykktar samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Einnig lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir sorphirðu og -förgun og minnisblað Eddu Maríu Hagalín fjármálastjóra.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Nefndin leggur jafnframt til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða gjaldskrá fyrir sorphirðu og -förgun. Nefndin leggur til að gjaldskrá verði tekin til endurskoðunar í vor þegar reynsla er komin á nýtt fyrirkomulag.

Gestir

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingarfulltrúi -

Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari -

Edda María Hagalín, fjármálastjóri -

2. Fatagámar Rauða krossins á Ísafirði ásamt þökkunargám - 2022110114

Lagður fram tölvupóstur frá Dagnýju Einarsdóttur f.h. Rauða krossins á Ísafirði, dags. 27. nóvember 2022 þar sem farið fram á aðkomu sveitarfélagsins vegna 2-3 söfnunargáma ásamt þökkunaraðstöðu t.d. í 20 feta gámi.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur formanni og starfsmanni nefndar að ræða við bréfitara og leita lausna á aðstöðuleysi fatasöfnunar Rauða krossins.

3. Almenningsamgöngur útboð 2023 - 2022120018

Lögð fram tímalína vegna útboðs almenningsamgangna í Ísafjarðarbæ.

Samningur við verktaka rennur út 1. júní 2023.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd kallar eftir umsögnum hverfisráða og skólayfirvalda um leiðarval og tímatöflu leiðaáætlana.

4. Snjómokstursreglur og mokstursleiðir í Ísafjarðarbæ. Endurskoðun - 2022080053

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, verkefnastjóra á umhverfis- og eignasviði, um endurskoðun á vetrarþjónustu Ísafjarðarbæjar. Einnig lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, bæjarritara vegna endurskoðunar á vetrarþjónustu á Suðureyri.

Máli frestað til næsta fundar.

5. Grenjavinnsla 2022 - refa- og minkaveiði - 2022060002

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, verkefnastjóra á umhverfis- og eignasviði, dags. 5.12. 2022, þar sem farið er yfir stöðu á grenjavinnslu og minkaveiðum í sveitarfélaginu.

Máli frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Þorbjörn Halldór Jóhannesson

Valur Richter

Dagný Finnbjörnsdóttir

Bernharður Guðmundsson

Axel Rodriguez Överby

Smári Karlsson